MUNUM AÐ SETJA SKÓINN ÚT Í GLUGGA Á SUNNUDAGSKVÖLD ÞVÍ STEKKJASTAUR KEMUR Í HEIMSÓKN AÐFARANÓTT 12. DESEMBER. MUNUM LÍKA AÐ JÓLASVEINAR ELSKA HÓFLEGAR GJAFIR.

Föstudagsmolinn

FRAMUNDAN

ÞAÐ KOMA VONANDI JÓL, MEÐ HÆKKANDI SÓL

Mánudagur 12. desember
Matseðill: Fiskur (þorskur) í raspi, kartöflur, lauksmjör, salat og grænmeti.

- Kóræfing í hádeginu.

Þriðjudagur 13. desember
Matseðill: Sænskar kjötbollur (inniheldur svínakjöt), kartöflur, brún sósa, baunir, rauðkál, salat og grænmeti.

- Heimanám kl 14:30 í stofu 5. bekkjar.

Miðvikudagur 14. desember
Matseðill: Léttsaltaður fiskur (þorskur), kartöflur, brætt smjör, rúgbrauð, salat og grænmeti.

- **Jólatónleikar Tónlistarskólans kl 17 í Grunnskólanum.**

Fimmtudagur 15. desember
Matseðill: 9.bekkur hefur valið píta með kjúkling, borið fram með frönskum.

- Heimanám kl 14:30 í stofu 5. bekkjar.

Föstudagur 16. desember
Matseðill: Gúllassúpa (folaldagúllas) brauð, brauðsalöt og grænmeti.
Hliðarréttur: Grænmetissúpa.

SPURNING DAGSINS

HVER ER ÞÍN FASTA JÓLAHEFÐ?

Þær eru nokkrar; skata á Þorláksmessu, aftansöngur á aðfangadag og svínahamborgar-hryggur í matinn. Þegar eg var krakki var reyndar vaninn að hafa svið í jólamat. Svo fer ég náttúrulega alltaf í kirkjugarðinn á aðfangadag.
Þorbjörn Gíslason

Ólafur E. Rúnarsson. Hér í gervi Parpignol sem er franskur 19 aldar jólasveinn

Að hengja 30 ára gömla jólastjörnuna mína í eldhúsgluggann.
Jóhanna Haraldsdóttir.

Purusteikin, allir aðrir í fjölskyldunni minni snæða hamborgarhrygg en það er alltaf lítil purusteik fyrir mig til hliðar og svo er það náttúrulega frómasarnir hennar ömmu (ananas og sítrónu) algerlega ómissandi. Okkar sameiginlega hefð er humar á ristuðu brauði með hvítlauks dressingu í forrétt. Ein hefð deyr um þessi jól, en það er Kókópuffsið á jóladag. Ekki hefur verið haft fyrir því að panta það frá útlöndum og þetta nýja er ekki að gera sig... sem sagt allt tengt mat sem ætti kannski ekki að koma fólki á óvart.

NÆSTI SÍÐASTI MOLINN
FYRIR JÓLAFRÍ

Þú finnur allar helstu upplýsingar sem þig gæti vantað á heimsíðu skólans.

18. JANÚAR 2023
SÖNGVARA-KEPPNI
GRUNNSKÓLA HÚNAÞINGS VESTRA
Núna er lag að fara huga að lagavali. Það þarf að skila inn lagi í síðasta lagi 20. desember.
Skila þarf Völdum lögum til Valda á valdi@skoli.hunathing.is.
Koma þarf fram hver Valdi lagið.

Nemendur í hár og förðunarvali fengu að gjöf lítinn pakka með vörum frá heildsölunni Halldór Jónsson. Í pakkanum var hyljari, farði, gloss, sjampó og hárnæring. Við þökkum þeim kærlega fyrir þessa veglegu sendingu.

JAKOB KEPPTI Á ÍSLANDSMÓTI Í RUBIKS

Við skorum á alla að eiga allavega eina notalega fjölskyldustund um helgina. Baka saman, spila eða fara í göngutúr. Það þarf ekkert að kosta að gera eitthvað skemmtilegt saman.

Jakob keppti um helgina á sínu fyrsta Íslandsmóti í töfrateningum/Rubikskubbaíþróttinni.
Skemmst er frá því að segja að hann rústaði tíma markmiðunum sem hann hafði sett sér fyrir þetta mót.
Hann keppti í 7 greinum, var í úrslitum í 4 þeirra og í einum milliriðli En þess ber að geta að einungis er keppt í einum flokki, óháð aldri og reynslu.
Hann keppti í 2x2, 3x3, 3x3 með annarri hönd, 4x4, pyraminx (sem er eins og pýramídi í laginu), skewb (sem er með skilin öll á ská) og megaminx (sem er 12 hliða kubbur).
Hann leysti hinn hefðbundna 3x3 kubb best á 24.81sek og 2x2 kubbinn á 5.98sek og pyraminx á 9.67sek.
Við erum virkilega stolt af honum og það verður gaman að fylgjast með honum áfram í þessari skemmtilegu íþrótt.

1.bekkur fór í heimsókn á sjúkrahúsið, málaði piparkökur og varði tíma með heldri borgurum.

Unglingsstelpur sem voru í eydu kiktu óumbedtnar í adstodt í 1. bekk. Unglingarnir okkar eru frábærir!

HURÐASKREYTINGAR 2022